

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Blönduóssbæ.

1. gr.

Á grundvelli samþykktar nr. 29/1995 um hundahald í Blönduóssbæ, með áorðnum breytingum, skal árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund í Blönduóssbæ vera kr. 12.500. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hundsins og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 1. febrúar. Hafi gjaldið eigi verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið úr gildi.

2. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 6. gr. samþykktar um hundahald í Blönduóssbæ, skal vera kr. 7.000 í fyrsta skipti, en hækkar í kr. 12.500 ef til handsömunar kemur öðru sinni og í 17.500 í þriðja skipti. Handsömunargjald hunda sem ekki eru skráðir er kr. 15.000.

Að auki skal greiða þann kostnað sem til verður vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Handsömunargjald skal greiða við afhendingu hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrir en lokið er skráningu og greiðslu skráningargjalds.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin af bæjarstjórn Blönduóss með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald á Blönduósi, nr. 29/1995, með síðari breytingum, og tekur hún nú þegar gildi.

Blönduósi, 16. janúar 2006.

Jóna Fanney Friðriksdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 22. febrúar 2006